

## **105. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. september 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Þorleifur Eiríksson. Magnús A. Sigurðsson forfallaðist vegna veikinda.

**Fundarritari:** Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 104. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

### **Erindi Margaret Cormack**

Margaret Cormack er að rannsaka kirkjusögu Íslands, með það fyrir augum að búa til rafrænan gagnagrunn og kort á internetinu sem myndi sýna allar kirkjur, bænahús, kristin örnefni og annað sem tengist menningu og gróðursögu landsins. Í sambandi við þá vinnu leitar hún eftir samstarfi við Breiðafjarðarnefnd.

#### **Afgreiðsla:**

Vísað verður á Fornleifavernd ríkisins, minjavörð Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson og minjavörð Vestfjarða, Ragnar Edvardsson.

### **Kynningarbæklingur og bréf frá Alta**

Nefndarmenn kynntu sér bæklinginn „*Landupplýsingar, greining þeirra og framsetning*“.

### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Farið var yfir myndasöfn og mögulegar myndir valdar á skiltið.

### **Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

Áframhaldandi vinna vegna verndaráætlunar Breiðafjarðar var rædd.

#### **Afgreiðsla:**

Guðríður, Þórólfur og Trausti munu sjá um að fara nánar yfir athugasemdir og texta.

### **Önnur mál**

#### **Meistaranemar við Háskólasetur Vestfjarða**

*Meistarnemar frá Háskólasetri Vestfjarða ásamt kennara sínum Brad Barr komu í heimsókn á Snæfellsnes í lok ágúst.* Kolbrún hitti hópinn og kynnti störf Breiðafjarðarnefndar.

### **Ráðstefna Háskólaseturs Vestfjarða**

Þorleifur sagði frá ráðstefnu/málþingi Háskólaseturs Vestfjarða og benti sérstaklega á erindi Skipulagsstofnunar um skipulag strandsvæða og Umhverfisstofnunar um vatnatilskipunina.



**Aðalskipulag Helgafellsveitar**

Kolbrún mun óska eftir rafrænni útgáfu af aðalskipulaginu og senda það á nefndarmenn. Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi.

**Fundi var slitið kl. 14:00. Næsti fundur verður haldinn 14. október 2009.**